



Viðburðatrygging

Skilmáli S-17

Viðburðatrygging er fyrir þá sem kaupa miða á viðburði. Tryggingin bætir miðaverð á viðburð að fullu ef miðahafi kemst ekki á viðburðinn vegna þeirra bótaþátta sem tilgreindir eru í skilmálanum.

Almenn ákvæði 2. kafla skilmálans gilda um alla þætti trygginganna.

Um trygginguna gilda skirteinið ásamt áritun og sérskilmálum, skilmálar þessir, almennir skilmálar félagsins nr. AS-1 og ákvæði laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004, hér eftir vsl. Ákvæði í skilmálum þessum ganga frammar ákvæðum í almennum skilmálum ef ekki er fullt samræmi þar á milli.

Skilgreiningar

Félagið: Vörður tryggingar hf.

Tryggingartaki: Sá sem kaupir miða á viðburð með viðburðatryggingu.

Tryggður: Miðahafi sem á miða á viðburð með viðburðatryggingu.

Viðburður: Sá viðburður sem miðinn gildir fyrir.

Slys: Með orðinu „slys“ er átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð, sem veldur meiðslum á líkama þess miðahafa og gerist án vilja hans, þar með talin umferðarslys. Við meiðsli á útlimum og vegna tannbrota er þess þó eingöngu krafist að um skyndilegan atburð sé að ræða sem veldur meiðslum á líkama tryggðs og gerist án vilja hans. Dánarbætur greiðast vegna slyss sem sýnt er fram á að sé bein og eina orsök andláts tryggða.

Skyndileg veikindi: Veikindi eða heilsufarsleg vandamál sem valda því að miðahafi getur ekki farið á viðburðinn.

Óveður: Veður sem kemur í veg fyrir að miðahafi komist á viðburðinn, t.d. stormur eða snjókoma.

Faraldur (epidemic): Sjúkdómsfaraldur sem breiðist hratt út á afmörkuðu svæði.

Heimsfaraldur (pandemic): Faraldur sem er að breiðast út til margra svæða um allan heim.

1. Kafli. Viðburðartrygging

1. gr. Hvað bætir tryggingin?

Tryggingin endurgreiðir miðaverðið ef miðahafi eða tengdir aðilar komast ekki á viðburðinn sem miði hans gildir fyrir, eða ef hann mætir of seint til að nota miðann, ef orsökina er eftirfarandi:

- andlát, alvarlegt slys eða skyndileg veikindi, líkamsmeiðsl, heimilisofbeldi, barnsburð eða sóttkví miðahafa, maka miðahafa eða barna miðahafa.
- andlát, alvarlegt slys eða skyndileg veikindi barnabarna, foreldra, systkina, afa, ömmu, tengdforeldra og tengdabarna. andlát, alvarlegt slys eða skyndileg veikindi tengdra aðila sem fara með miðahafa á viðburð og eiga gildan miða með viðburðartryggingu.
- verulegs eignatjóns á heimili miðahafa eða í fyrirtæki hans sem gerir nærveru miðahafa nauðsynlega. Samráð skal haft við félagið um hvort nauðsynlegt sé að hætta við viðburð.
- skyndiköllunar miðahafa í þjónustu vegna almannahagsmuna eða björgunarstarfa hjá björgunarsveitum.
- forfalla vegna starfa sem hann getur ekki vikið sér undan að vinna samkvæmt sóttvarnarlögum nr. 19/1997 um skyldusóttkví eða ef komið er í veg fyrir ferð vegna opinberra hafta sem leiða af farsótt.
- kvaðar til vitnisburðar fyrir dómi.
- ferðatafar á viðburðadegi vegna óveðurs sem kemur í veg fyrir að hann komist á viðburðinn.
- óvæntrar uppsagnar úr starfi innan 30 daga fyrir viðburð.

2. gr. Hvað bætir tryggingin ekki?

Tryggingin greiðir ekki bætur:

- vegna alvarlegs slyss sem átti sér stað áður en tryggingin var tekin.
- vegna hvers kyns veikinda eða sjúkdóma sem voru fyrir hendi áður en tryggingin var tekin.
- vegna sjúkdóma eða kvilla sem koma upp eftir 36. viku meðgöngutíma.
- ef miðahafi veldur sjálfum sér meiðslum, stofnað sjálfum sér í hættu að nauðsynjalaus eða fremur sjálfsvíg.
- ef miðahafi kemst ekki á viðburð vegna ákæru, dómsúrskurðar eða annarra lagalegra hindrana sem rekja má til hans sjálfs.
- vegna faraldurs (epidemic), heimsfaraldurs (pandemic) eða annarra sambærilegra atburða.
- ef miðahafi velur sjálfur að:
 - mæta ekki á viðburð vegna ótta við faraldur, heimsfaraldur eða annars sambærilegs.
 - fara í sóttkví án þess að vera með staðfest smit frá heilbrigðisyfirvöldum.
- mæta ekki á viðburð vegna skilyrða um bólusetningu eða grímuskyldu á viðburðarstað.
- ef viðburði er aflýst, hann rofinn eða honum frestað af viðburðarhaldara eða þeim sem selur miða á viðburðinn.
- ef takmarkaður aðgangur (restricted access) er á viðburðinn án þess að honum sé aflýst.
- ef viðburði er frestað, seinkað eða hann fluttur til án þess að honum sé aflýst.
- ef viðburðurinn fer ekki fram vegna lokunar á þeim stað sem halda á viðburðinn.
- ef listamaður eða annar þátttakandi viðburðar mætir ekki.
- vegna þjónustugjalda
- sem stafa beint eða óbeint af eftirfarandi:
 - tilskipun stjórnvalda nema þeim er varðar sóttkví.
 - yfirsjónum eða vanrækslu aðila sem annast flutning, gistingu eða skipulagningu ferðar.
 - tregðu miðahafa til að ferðast eða af bágunum fjárhag hans.
 - útgjöldum sem söluaðila ber að greiða.
 - aukagjöldum sem söluaðili leggur á og hækkar grundvöll verðskrár hans.
- sem hlýst af því að flutningsfar flutningsaðila er tekið úr þjónustu til bráðabirgða eða á annan hátt samkvæmt tilskipun opinbers aðila.
- vegna verkfallsaðgerða sem vitað var um þegar viðburður var greiddur að hefjast myndu fyrir brottför á viðburð.
- vegna fjárhagserfiðleika eða gjaldþrots söluaðila eða annarra aðila sem annast viðburðinum.
- ef miðahafi kemst ekki á viðburð ef hann fær ekki vegabréfsáritun eða önnur nauðsynleg skjöl til ferðalaga.
- vegna flugvallaskatta og annarra gjalda sem sækja má til flutningsaðila.

3. gr. Tryggingarfjárhæð?

Hámarks bætur í hverju tjóni er miðaverð á viðburð en þó að hámarki 80.000 kr. fyrir hvern miða.

2. Kafli. Almenn ákvæði

4. gr. **Hver er tryggður?**
Miðahafi er tryggður.
5. gr. **Hvar gildir tryggingin?**
Tryggingin gildir hvar sem er í heiminum.
6. gr. **Upphaf og lok tryggingarverndar tryggða**
Ábyrgð félagsins gagnvart miðahafa hefst þegar viðburðatrygging er keypt og lýkur þegar viðburður byrjar samkvæmt fyrir fram auglýstum tíma.
7. gr. **Skyldur tryggða við tjónsatburð**
Miðahafa er skylt að tilkynna félaginu um eins fljótt og hægt er og láta læknisvottorð fylgja með ef óskað er eftir því.
8. gr. **Framsal**
Miðahafi má ekki framselja réttindi sín án samþykkis félagsins.
9. gr. **Önnur ákvæði**
Að öðru leyti en því sem kveðið er á um í þessum skilmála gildir um tryggingarsamning þennan lög um vsl nr. 30/2004.

Skilmálar þessir gilda frá 01.01.2026